

Fundarsköp

Markmið og tilgangur

Tilgangur og markmið fundarskapa þessara er að tryggja, eftir því sem frekast er unnt, að störf flokksráðsfundar Sjálfstæðisflokksins verði markviss, beinskeytt og skilvirk. Þá er þeim ætlað að tryggja að þeim tíma sem áætlaður er fyrir almennar umræður á fundinum verði fyrst og fremst varið til umræðna um megináherslur fundarins en ágreiningur um orðalag og einstaka áhersluatriði sé afgreiddur í vinnuhópum fundarins.

1. Setning og stjórn flokksráðs- og formannafundar

Formaður Sjálfstæðisflokksins setur flokksráðsfund, laugardaginn 26. ágúst.

Formaður Sjálfstæðisflokksins stýrir flokksráðsfundi frá því fundur hefur verið settur þar til fundarstjóri hefur verið kosinn. Fundurinn kýs sér fundarstjóra við upphaf fundar laugardaginn 26. ágúst. Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins gerir tillögu um einn eða fleiri fundarstjóra. Formaður Sjálfstæðisflokksins stendur fyrir kosningu fundarstjóra og skal hann bera tillögu miðstjórnar upp til samþykktar.

Fundarstjóri stjórnar fundi og sér um að röð og regla ríki á fundinum í samráði og samstarfi við starfsmenn fundarins. Fundarstjóri velur einstaklinga úr hópi fundarmanna og starfsmanna flokksins sér til aðstoðar við framkvæmd og stjórn fundarins.

Ef ágreiningur rís um skilning á fundarsköpum þessum, sker fundarstjóri úr.

Fyrir fundinum liggur dagskrá sem miðstjórn og stjórn flokksráðs Sjálfstæðisflokksins hefur ákveðið. Samþykki meirihluta fundarins þarf til að taka á dagskrá mál, sem ekki hefur verið lagt fyrir fundinn.

2. Almenn ákvæði

Seturétt á flokksráðsfundi, með tillögu- og atkvæðisrétt, eiga flokksráðsmenn. Þá hafa starfsmenn fundarins, sérstakir gestir og starfsmenn fundarhússins aðgang að fundinum.

Afl atkvæða með eða á móti ræður úrslitum við atkvæðagreiðslu nema skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins eða fundarsköp þessi kveði á um annað.

Sá sem óskar að taka til máls skal biðja fundarstjóra um leyfi. Nokkrir dagskrárliðir gera ráð fyrir almennum umræðum í sal. Veita skal orðið í þeirri röð sem beðið er um það. Ræðumaður skal halda sig við það mál sem til umræðu er og varast ósæmilegt orðbragð og orðalengingar. Undir þeim liðum sem almennar umræður fara fram um í sal eða í vinnuhópum fundarins eru þeir sem taka til máls beðnir um að taka tillit til þess og stytta mál sitt ef lengist í mælendaskrá. Ef fundarstjóri metur það svo að ekki sé hægt að afgreiða liði á þeim tíma sem afmarkaður hefur verið til dagskrárliðarins er fundarstjóra heimilt að setja tímamörk á ræður allt niður í eina mínútu. Almennt er miðað við að ræðumenn tali ekki lengur en tvær mínútur. Þegar því tímamarki er náð er fundarstjóra heimilt að stöðva málflutning ræðumanns.

Um er að ræða pappírslausan fund að meginstefnu og verða fundargögn því á hverjum tíma aðgengileg á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins, www.xd.is.

3. Stjórn málaályktun

Í aðdraganda fundar hafa málefnanefndir flokksins, stjórn flokksráðs og stjórn mála- og samræmingarnefnd fundarins unnið að gerð draga að stjórn málaályktun. Fundurinn fær til meðferðar drög að stjórn málaályktun og aðrar tillögur sem fundarmenn leggja fram á fundinum. Drögin skulu liggja fyrir við upphaf fundar svo fundarmönnum gefist kostur á að kynna sér innihald þeirra. Þá skal formaður stjórn mála- og samræmingarnefndar fundarins gera grein fyrir meginatriðum draganna við upphaf umræðna um þau. Viðmið um ræðutíma eiga ekki við um framsögu formanns stjórn mála- og samræmingarnefndar.

Tillögur fundarmanna varðandi einstaka þætti draganna skulu bornar upp og ræddar í vinnuhópum á fundinum. Ef tillögur fundarmanna eru umfangsmiklar skulu þær jafnframt fengnar stjórn málanefnd fundarins skriflega.

Að undangenginni ítarlegri umræðu um drögin í vinnuhópum skulu ábendingar og tillögur fundarmanna fengnar stjórn mála- og samræmingarnefnd fundarins til meðhöndlunar. Endanleg drög skulu svo lögð fyrir fundinn til samþykktar.

Sé uppi verulegur ágreiningur um einstaka þætti draganna, þegar til atkvæðagreiðslu kemur, sem kemur í veg fyrir að fundurinn geti lokið störfum á tilsettum tíma, getur fundarstjóri ákveðið að afgreiða drög að stjórn málaályktun án þeirra atriða sem ágreiningur er um og freista þess að ná málamiðlun. Málamiðlunarviðræður leiðir formaður stjórn mála- og samræmingarnefndar og skulu þau atriði sem samkomulag næst um meðal þeirra sem hann kallar til sín lögð sérstaklega fyrir fundinn.

4. Stjórn mála- og samræmingarnefnd og kjörstjórn

Á fundinum starfar stjórn mála- og samræmingarnefnd, skipuð af miðstjórn. Nefndinni hefur verið fengið það hlutverk að undirbúa drög að stjórn málaályktun fundarins í samráði við málefnanefndir flokksins og stjórn flokksráðs. Komi til þess, mun nefndin m.a. hafa það hlutverk á fundinum, undir forystu formanns hennar, að ná samstöðu um ágreiningsmál og miðla málum. Þá ber nefndinni jafnframt að tryggja, eftir því sem frekast er unnt, að stjórn málaályktun fundarins skarist ekki á við grunnstefnu Sjálfstæðisflokksins og fyrirbyggjandi landsfundarályktanir.

Á fundinum starfar þriggja manna kjörstjórn, sem skipuð er af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, sem hefur það hlutverk að annast framkvæmd kosninga ef til þess kemur.

Þannig samþykkt af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins hinn 18. ágúst 2023.